




Alþjóðleg
kvikmyndahátíð
í Reykjavík

www.ungriff.is
www.riff.is

UNGRIFF *YOUTH RIFF*



RIFF

25. 9–5. 10 '25



AZTIQ

canopy
REYKJAVÍK | CITY CENTRE



UNGRİFF

UngRİFF er kvikmyndahátíð fyrir börn og ungmenni á aldrinum 4–16 ára. Markmið UngRİFF er að vera í fararbroddi í kennslu í gegnum kvikmyndir og kvikmyndagerð, ásamt því að skapa öruggt og eflandi umhverfi þar sem börn geta tjáð sig, deilt sjónarmiðum sínum og myndað tengsl. UngRİFF er nú haldið í þriðja skipti og fer bæði fram í Reykjavík og víða á landsbyggðinni. UngRİFF starfar allt árið um kring og býður m.a. upp á skólasýningar í leik- og framhaldsskólum og stuðningsefni sem tengist myndunum.

Opnunarhátíð UngRİFF verður haldin í Smárabíó þann 24. september. Nemendur í grunnskólum höfuðborgarsvæðisins á aldrinum sex til þrettán ára koma saman á hátíðinni. Opnunarmyndir hátíðarinnar eru myndin Stór í sniðum eftir Kristína Dufková fyrir 6 ára og eldri og Hunang eftir Natasha Arthy fyrir 11 ára og eldri. Ólafur S.K. Þorvaldz leiklas myndina í Upptekinu með Gunnari Árnasyni en Friða Þorkelsdóttir þýddi yfir á íslensku. UngRİFF vill þakka þeim sérstaklega fyrir hjálpina. Hátíðin verður formlega sett og veitt verða heiðursverðlaun UngRİFF árið 2025. Ungmennaráð hátíðarinnar velur vinningshafann, en í ár hlýtur KrakkaRÚV verðlaunin fyrir framlag sitt til íslenskrar barnamenningar.



EFNISYFIRLIT

2 UNGRIFF

4 SÉRVIÐBURÐIR

6 SPJÖLL VIÐ LEIKSTJÓRA

8 KVIKMYNDIR FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

10 NOJSE DAGSKRÁ

12 STUTTMYNDIR BARNNA- OG
UNGMENNADAGSKRÁ

FYRIR KENNARA

Langar þig að brjóta upp tímann, sýna stuttmynd og kenna síðan út frá henni? UngRIFF biður árlega upp á sérstakt stuðningsefni sem skólar og kennarar geta nýtt sér, þeim að kostnaðarlausu. Kennsluefnið er í formi stuttmynda fyrir 4+, 6+, 9+, 12+, og 14+ ára. Stuðningsefni fylgir myndunum sem að hægt er að nýta við kennslu. Myndirnar koma frá hvaðanæva að úr heiminum og eru valdar af fagfólki. Verkefnið hefur vakið mikla lukku meðal nemenda og kennara.

Kennurum er bent á að hafa samband við verkefnastjóra UngRIFF, Hlökk Þrastardóttur, á skolar@riff.is eða í síma 7797907, ef upp vakna spurningar eða áhugi á verkefninu.

HEIÐURSVERÐLAUN UNGRIFF

KrakkaRÚV hlýtur heiðursverðlaun UngRIFF í ár fyrir framlag sitt til barnamenningar á Íslandi en KrakkaRÚV hefur verið leiðandi í framleiðslu á barnaefni í áratugi.

SKÓLASÝNINGAR UNGRIFF

UngRIFF býður nemendum upp á skólasýningar í Smárabíói, Háskólabíói og Norræna húsinu – og víðsvegar um landið, í Herðubíói á Seyðisfirði, Skjaldborgabíói á Patreksfirði, Amtsbókasafninu á Akureyri og Bókasafni Héraðsbúa. Opnunarhátíð UngRIFF verður haldin í Smárabíói þann 24. september og nemendur í grunnskólum höfuðborgarsvæðisins á aldrinum sex til þrettán ára koma saman á hátíðinni.

SÉRVÍÐBURÐIR

UngRIFF leggur áherslu á að nýtingu kvikmynda og kvikmyndagerðar í kennslu barna og ungmenna til að efla þau til dáða. UngRIFF er í samstarfi við

barnamenningarhátíðir á landsbyggðinni og býður reglulega upp á smíðjur bæði í Reykjavík og út fyrir borgarmörkin.

HELLABÍÓ: HETJUDÁÐIR MÚMÍNPABBA

3.10. 17–19.00

UngRIFF kynnir á nýjan leik fjölskyldubíó djúpt í iðrum jarðar. Hetjudáðir Múmínpabba – Ævintýri ungs Múmínálfs (The Exploits of Moominpappa — Adventures of a Young Moomin) er hreyfimynd frá 2021 eftir Ira Carpelan sem segir frá því þegar Múmínsnáðinn er rúmfastur vegna geitungabits og Múmínpabbi vill gleðja hann. Hann grípur til þess ráðs að segja honum sögur frá ævintýrlegri æsku sinni og einni stormasamri og örlagaríkri nótt þegar hann bjargar Múmínmömmu úr sjónum.

Raufarhólshellir er í um 30 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík. Athugið að akstur að sýningarstað er ekki innifalinn í miðaverði. Leiðsögumenn Lava Tunnel munu fylgja gestum í gegnum hellinn að sýningarstað, sem er í um það bil 10 mínútna göngufjarlægð. Öryggi gesta er í fyrirrúmi hjá starfsfólki Lava Tunnel, og fá allir gestir hlífðarhjálma við komu.

Nauðsynlegt er að klæða sig vel fyrir þessa sýningu. Myndin er með íslensku tali. Börn undir 12 ára þurfa að vera í fylgd fullorðinna.



KRAKKARFILMA! OG STELPURFILMA!

BRAS

Auðís Tinna ólst upp í Fellabæ og lærði kvikmyndagerð í París og Los Angeles. Hún heldur utan um tvær smíðjur fyrir 14–18 ára ungmenni í Sláturhúsinu á Egilsstöðum og á Eskifirði. Smíðurnar eru hluti af dagskrá BRAS, barnamenningarhátíð Austurlands, í samstarfi við UngRIFF. Markmið smíðunnar er að kynna þátttakendur fyrir örmyndaforminu en ungmenni fá grunnkennslu í gerð á myndum sem eru aðeins ein mínúta.



PÚKINN

Erlingur Óttar Thoroddsen hélt utan um tvær smiðjur fyrir 12–15 ára ungumenni á Reykhólum. Smiðjurnar voru hluti af dagskrá Púkans, barnamenningarhátíð Vestfjarða. Í smiðjunni lærðu þau grundvallarundirstöður í kvikmyndagerð: handritag'erð, leikstjórn, myndatöku og klippingu. Afrakstur RIFF-smiðjanna verður sýndur á Púkanum á Reykhólum.

REYKJAVÍKURBORG

Vera Wonder Sölvadóttir hélt utan um stelpurfilma! smiðju í Norrænahúsinu. Þáttakendur fengu að kynnast grunnatriðum leikstjórnar og að gera eigin stuttmyndir - frá undirbúningi og tókum til klippingar og sýningar. Smiðjan var styrkt af Reykjavíkurborg.



LÍNA LANGSOKKUR

28.9. 13–15.20

UngRIFF barnakvikmyndahátíð býður börnum og fjölskyldum þeirra á sýningu á myndinni um sterku stelpuna Línu Langsokk á íslensku kl. 13:00 í Norræna húsinu. Hlökk Prastadóttir leiðir pappamassa „klísturs“, smiðju í anda Línu í kjölfar sýningarinnar.

Það er takmarkað pláss á sýninguna og því best að mæta tímanlega til að tryggja sér sæti í salnum – fyrstur kemur, fyrstur fær. Til þess að taka þátt í smiðjunni eftir sýninguna þarf að skrá sig sérstaklega á riff.is.

OPIN SMÍÐJA FYRIR BÖRN OG FJÖLSKYLDUR ÞEIRRA

4.10. 13–15.00

Stuttmyndaprógramm UngRIFF fyrir sex til níu ára börn verður sýnt í stóra salnum í Norrænahúsinu. Á meðan verður opin bókverkasmíða í anda hreyfimyndalistar (e. stop-motion) á bókasafninu, sem Ungmennaráð UngRIFF ásamt verkefnastjóra leiða. Hægt verður að ganga inn og út af sýningunum og taka þátt í smiðjunni þegar hverjum og einum hentar á meðan viðburðinum stendur.

Það er takmarkað pláss á sýninguna og því best að mæta tímanlega til að tryggja sér sæti í salnum – fyrstur kemur, fyrstur fær.

SPJÖLL VIÐ LEIKSTJÓRA

KYNNING FRÁ LEIKSTJÓRA STUTTMYNDARINNAR **GAGGALAGÚ!** (4+)

28.9. 15–16.30

Jelle Janssen, leikstjóri hollensku hreyfistuttmyndarinnar *Kukuleku* mun ræða gerð myndarinnar og sýna handgerða leikmuni úr myndinni. Þessi viðburður hentar fyrir 4 ára og eldri.

SPURT OG SVARAÐ MEÐ LEIKSTJÓRA STUTTMYNDARINNAR **LJÓSASKIPTI** (12+)

5.10. 13–14.18

Spurt og svarað með Liss-Anett Steinsk og leikstjóra norsku stuttmyndarinnar *Ljósaskipti* eftir sýningu á stuttmyndum UngRIFF fyrir 12 ára og eldri.

SPURT OG SVARAÐ MEÐ LEIKSTJÓRA STUTTMYNDARINNAR **12 STIG** (14+)

5.10. 15–16.22

Spurt og svarað með Isabella Rodriguez, leikstjóra sænsku og pólsku stuttmyndarinnar *12 Stig*, eftir sýningu á stuttmyndum UngRIFF fyrir 14 ára og eldri.

DAGSKRÁ

Ath. að sýningartímar geta breyst með skömmum fyrirvara – nýjustu upplýsingar eru þó alltaf á miðasöluvef RIFF.is

KVIKMYNDIR FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

UngRIFF býður alla fjölskylduna velkomna í bíó til að njóta saman kvikmynda sem vekja áhrif og sýna ólíkar hliðar lífsins.

UNGRUFF



HUNANG HONEY

Natasha Arthy
DK 2025
96 MIN
13+

24.9.	Smárabíó	12.30
29.9.	Háskólabíó 2	10.30
4.10.	Háskólabíó 1	11.00

Hin 13 ára Honey felur bæði óreiðukennt fjölskyldulíf sitt og tónlistarhæfileika sína fyrir skólafélögum sínum, og þráir í laumi að ganga til liðs við hljómsveitina hans Liam. Þegar hún kemst að því að Marcel-tónelskur afi hennar-gæti verið á lífi einsetur hún sér að finna hann, og í framhaldinu sína eigin rödd og hugrekkið til að vera hún sjálf.

STÓR Í SNÍÐUM LIVING LARGE

Kristina Dufková
CZ, SK, FR 2024
80 MIN
6+

24.9.	Smárabíó	10.00
24.9.	Herðubíó	10.00
3.10.	Háskólabíó 1	15.30

Ben er 12 ára, elskar mat og dremmir um að verða kokkur. Með gelgjunni koma hins vegar einelti, áhyggjur foreldra og þrýstingur til að breytast. Hann er sannfærður um að megrun leysi allt, svoleiðis mun hann heilla stóru ástina, Klöru, og gripur til örpri-faráða. Hann kemst þó fljótt að því að útlitið er ekki mikilvægast, heldur sjálfstraustið.



LÍNA LANGSOKKUR PIPPI LANGSTRUMPF

Olle Hellbom
SE, CZ 1969
100 MIN
9+

27.9.	Norrænahúsið	13.00
-------	--------------	-------

Tommy og Annika munu aldrei gleyma deginum þegar Lína mætti í bæinn, ríðandi á hesti. Þau hrifast þegar í stað af lífshátum hennar þar sem frelsi og lífsgleði ráða för.

ÍSBJARNARPRIN- SINN PÁLL THE POLAR BEAR PRINCE

Mikkel Brænne
Sandemose
NO 2024
85 MIN
6+

27.9.	Háskólabíó 2	11.00
5.10.	Háskólabíó 1	11.00

Með hugrekki og forvitni í farteskinu leggur Liv af stað í langferð ásamt ísbirninum Valemon, sem býr yfir konunglegu leyndarmáli. Með aðstoð vina úr dýraríkinu leitast hún við að ná markmiði sínu; að aflétta bölvuninni sem hvílir á Valemon og ráða niðurlögum nornarinnar sem lagði álögin á hann til að byrja með.



NOJSE DAGSKRÁ

28.9. 13.00 NORRÆNAHÚSIÐ
5.10. 11.00 NORRÆNAHÚSIÐ

RIFF í samvinnu við norrænar kvikmyndahátíðir býður upp á dagskrá með úrvali vandaðra norrænna mynda fyrir börn og ungmenni. Myndirnar eru sýndar á mismunandi stöðum en þær eru einnig aðgengilegar ásamt kennsluefni á kennsluvefnum Norden í skolen.

NoJse er samstarf fimm kvikmyndahátíða á Norðurlöndunum. Markmið samstarfsins er að koma á framfæri kvikmyndum fyrir börn og ungmenni og auka aðgengi kvikmyndagerðafólks sem framleiðir myndir fyrir þennan aldursflokk að norrænum kvikmyndum. Hátíðirnar sem taka þátt í NoJse eru Buster í Kaupmannahöfn, BUFF í Malmö, Alþjóðlega barnakvikmyndahátíðin í Kristiansand, Alþjóðlega barnamyndahátíðin í Oulu og UngRIFF.

NoJse stuttmyndir (60 mín.)
Sérvaldar norrænar stuttmyndir.

UNGRIF



HETJAN
WARRIOR HEART

Marianne
O. Ulrichsen
NO 2024
17 MIN

**KAFFITERÍA
KÆRLEIKANS**
CANTEEN
OF KINDNESS

Astrid Askberger
SE 2024
7 MIN



**REGNBO-
GAGALDUR**
RITUAL FOR
THE RAINBOW

Sami Sänpäckkilä
FI 2024
19 MIN

**LYKTIN AF
MANNESKJU**
THE SMELL
OF HUMAN

Johanne Helgeland
NO 2024
8 MIN



**MEEE
MÆH**

Charlotte
Brodthagen
DK 2024
9 MIN




STUTTMYNDIR BARNA- OG UNGMENNADAGSKRÁ

Myndir frá öllum heimshornum fyrir breiðan aldersflokk. Myndirnar fyrir yngri hópana eru að mestu án tals en annars er enskur texti.

4+

28.9 15.00 + Q&A 42 MÍN NORRÆNA HÚSIÐ



DANSÐ Í REGNI
DANCING
IN THE RAIN

Chao-chun Yeh
TW, JP 2025
6 MIN

Það byrjar að rigna, lítill stúlka sofnar og dreymir veröld þar sem hún dansar við mýs. Hér er tæpt á hlýnun jarðar með húmor og hlýju.

UNGRIFF



FÍKUS FICUS


Isabella Bobadilla
CO 2023
4 MIN

Ben er 12 ára, elskar mat og dreymir um að verða kokkur. Með gelgjunni koma hins vegar einelti, áhyggjur foreldra og þrýstingur til að breytast. Hann er sannfærður um að megrun leysi allt, svoleiðis mun hann heilla stóru ástina, Klöru, og grípur til örþrifaráða. Hann kemst þó fljótt að því að útilitið er ekki mikilvægast, heldur sjálfstraustið.

VINUR NÍNU NINA'S FRIEND

Neyrouz Jemour
BE 2024
6 MIN

Kvikmynd Neyrouz Jemour er falleg frásögn í hlýjum litum um Nínu, unga stúlku sem á erfitt með að tjá sig við önnur börn, en er að reyna að fóta sig í nýju vinasambandi. Þegar Nína verður óörugg og óttast að missa nýja vininn sinn, ná tilfinningarnar yfirhöndinni.



GAGGALAGÚ! KUKLEKU

Jelle Janssen
NL 2024
3 MIN

Raddlausi haninn Nugget notar tístileikfang sem hann fann til að þykjast gala og ná þannig völdum í hænsnabúinu. Hann kemst þó fljótt að því að það er ekki jafn gefandi og hann hafði ímyndað sér að fá að ráða. Kukeleku eftir Jelle Jansen, sem var gerð á Aardman Academy In-Studio námskeiðinu árið 2024, er heillandi brúðuleikur um egó og óeigingirni.

HEIMANÁM HOMEWORK

Nacho Arjona
ES 2024
15 MIN

Við erum stödd í heimi ritfanga. Blyanturinn og vinir hans komast að því að teymisvinna er ekki alltaf klippt og skorin. Þegar strokleðrið slæst í hópinn færist fjör í leikinn og málin vandast.



STÚLKAN MEÐ UPPTEKNU AUGUN THE GIRL WITH THE OCCUPIED EYES

André Carrilho
PT 2025
8 MIN

Einu sinni var stúlka sem var alltaf annars hugar. Með augun pikkföst á símaskjánum tók hún ekki eftir veröldinni í kringum hana - né þeim sem vildu leika við hana.

6+

4.10. 13.00 + LISTASMIÐJA 52 MÍN NORRÆNA HÚSIÐ



ILLGRESI WEEDS

Pola Kazak
CZ 2024
14 MÍN

Í þessum heillandi og hjartnæma óði Polu Kozak til plönturíkisins fylgjumst við með umhyggjusömum garðyrkjumanni berjast við illgresið sem sífellt treður sér inn í garðinn hennar. Þegar baráttan tapast gegn ágengum tegundum, gripur hún til örþrifaráða. Weeds er mynd sem minnir okkur á að taka breytingum opnum örmum frekar en að hafna þeim – og hver rammi er handmálaður af vandvirkni og kærleika.

UNGRIF



UNDRÍÐ FREAK OF NATURE


Alexandra Lerner
DE 2024
8 MIN

Í þessum heillandi brúðuleik Alexanders Lerner, sem fjallar á táknrænan hátt um persónulegan þroska og það að sigrast á ótta, fylgjumst við með feiminni og einmana veru annast plöntu í sirkusbúri sínu – og um leið annast sig sjálfa. Smám saman vaxa trúð og hugrekki verunnar, þar til búrið verður of lítið fyrir þau bæði.

LAUTARFERÐIN WITH EACH PASSING DAY

Emanuel Nevado
PT, SI 2024
11 MIN

Við fylgjumst við með frú Piedade, gamalli mús sem býr ein í fjallendi Portúgals, reyna að brjótast út úr einhæfri rútínu og upplifa á ný töfrandi lautarferð úr fortíðinni. Þessi fallega mynd er teiknuð með ótrúlegri nákvæmni, og þrautseigja músarinnar leiðir hana í óvæntan félagsskap, í þessari dásamlegu frásögn Emanuel Nevado um kraft minninganna.



GARÐURINN Í GLUGGANUM A SMALL GARDEN BY THE WINDOW

Lee Jong Hoon
KR 2024
5 MIN

Í þessari notalegu og vistvænu dæmisögu Lee Jong Hoon byrjar arkitekt daginn á því að tína tómata af gluggakistunni sinni — og safnar um leið dásamlegum orkunnöttum. Þessar litlu verur, sem verða til í krafti umhyggju fyrir náttúrunni, hafa það hlutverk að stöðva loftslagsvána. Myndin er bæði áminning um þá framtíð sem jörðin stendur frammi fyrir og fagurlega framsett sýn á hvernig við getum umgengist hana af meiri virðingu.

ÉG ER AKIKO I AM AKIKO

Damir Romanov
SR 2024
7 MIN

Akiko er óvenjuleg stúlka með sérstakar skoðanir á snjónum. Það kemur henni í klandur í fjöndurtímanum í skólanum.



ÞEGARBJÖRNINN SAMDI LAG HOW THE BEAR COMPOSED A SONG

Kristína Bajaníková
SK 2024
7 MIN

Björninn ákveður að semja lag og kemst brátt að því að jafnvel háværustu dýrin geta lagt sitt af mörkum. Saman breyta þau óhljóðum í melódiu sem felur í sér sköpun og vináttu.

9+

4.10. 13.50 + LISTASMIÐJA 67 MÍN NORRÆNA HÚSIÐ



**KAFFITERÍA
KÆRLEIKANS
CANTEEN
OF KINDNESS**

Astrid Askberger
SE 2024
7 MIN

Rósa stýrir eldhúsinu í sænskum skóla með hæglátri festu. Leikstjórinn bregður upp svipmynd af daglegri umhyggju og nærgætni sem sjaldan er tekið eftir.

**SVIPULT ER
SÆVAR LOGN
US, THE SEA AND
THE SAD END**

Malgorzata Rybak
PL 2023
2 MIN

Stutt en áhrifarík mynd Malgorzata Rybak sýnir okkur ferð frá ysi og þysi borgarinnar að friðsælum köfunarstað – og að mótum þessara tveggja heima. Útkoman er áföllisdómur yfir hávaðasömum innrásum mannkynsins inn í náttúruna, þar sem heimurinn tapar smám saman litbrigðum sínum.



**ÍSÞÚÐIN
OUT FOR ICE
CREAM**

Rachel Samson
CA 2024
9 MIN

Undir litríkum himni síðsumars deila Chloé, vinkona hennar Jenny og hundurinn Squeegie síðasta ísnum í brauðformi við ísbúðina í hverfinu. Ljóðræn teiknimynd Rachel Samson sýnir bæði með hlýju og húmor hvernig æskuvínátta reynir að komast í gegnum umbreytinguna yfir í framhaldsskóla.





AÐ SNERTA MYRKRIÐ TOUCHING DARKNESS


Jamaica Kindlová
CZ 2024
4 MIN

Vítek er tíu ára og býr yfir sérstökum hæfileikum – hann skynjar og heyrir það sem aðrir gera ekki. Þessi teiknaða heimildarmynd, sem teiknuð er í sand, opnar dyr inn í heim hans og sýnir okkur að skortur á einni skynjun þarf ekki endilega að vera hindrun.

ÉG ER ÞÝSKUR FJÁRHUNDUR I AM A GERMAN SHEPHERD

Angelo Defanti
BR 2024
15 MIN

Hvað þýðir það eiginlega að vera þýskur fjárhundur? Eru hundar og úlfar í raun svo ólíkir? Í bráðfyndinni og óhefðbundinni gamanmynd Angelo Defanti eru þessar spurningar kannaðar af mikilli hnytni, þegar hundur veltir fyrir sér hlutverki sínu sem verndari – og þarf um leið að kljást við kjaftforar kindur og úlfa sem eru grænmetisætur ...



SÍÐASTI GARÐURINN THE LAST GARDEN


Eloise Jenninger
UK, NO, MX 2024
8 MIN

Hvernig er best að bregðast við umhverfisvánni? Í litríki klippimynd Eloise Jenninger stendur síðasti almenningsgarður borgarinnar frammi fyrir því að verða rifinn. Hinn sjötugi Henry og mótmælandi með hátalara berjast fyrir garðinum – hvor á sinn hátt – í þessari fallegu teiknimynd sem vitnar um mátt og seiglu mannsandans andspænis eyðileggingu.

ÞAÐ SEM VIÐ MISSTUM AF EVERYTHING WE MISSED

Marta Prokopová
SK, CZ 2024
12 MIN

Þegar óvænt áfall snýr tilveru leikfangasmiðsins Evu Marty á haus, hittir hún aftur fyrir tryggan hund sinn Kubko. Úr verður hið mesta ævintýri sem minnir áhorfendur á töfra hversdagslegra augnablika ástar og vínattu.



BÖRN FUGLSINS CHILDREN OF THE BIRD

Júlia Tudisco
HU 2024
12 MIN

Hér fáum við ljóðræna goðsögn um upphaf og endi jarðar, séða með augum tveggja ungra guða; stúlku með krafta sköpunar og drengs með krafta eyðileggingar. Hér fer ekki fram barátta góðs og ills heldur leikur milli jafningja í leit að jafnvægi. Allt virðist með miklum sóma uns ný breyta kveður sér hljóðs; mannkynið.

12+

5.10. 13.00 + Q&A 78 MÍN NORRÆNA HÚSIÐ



GALLALAUSS THE ONE WHO KNOWS

Eglé Davidavičė
LT, FR 2024
12 MIN

Úla er unglingsstúlka sem þjáist af kviða, en á sundæfingu lendir hún óvænt í ævintýri sem leiðir hana í gegnum þroskaferli þar sem hún lærir að sjá líkama sinn í nýju ljósi. Hér er varpað upp nærgætinni mynd af kvenlíkamanum og því hvernig hægt er að sættast við „galla“ sína, í fallegri 2D teiknimynd sem nýtir neikvætt rými á áhrifaríkan hátt.

HETJAN WARRIOR HEART

Marianne
O. Ulrichsen
NO 2024
17 MIN

Hin 12 ára gamla Vilja þráast við og glímir við hvern andstæðinginn á fætur öðrum, jafnvel þó sportið skelfi hana og hún tapi öllum bardögum. Þegar fjölskylda hennar sundrast berst henni hjálp úr óvæntri átt.



UNGRIFF



MATSPYRNAN MEALITANCY

Marie Royer
Zinia Scorier
BE, FR 2024
12 MIN


Mealitancy byggir á hljóðupptökum frá árinu 2020 og fangar eldmóð þeirra sem helga sig því að byggja upp betri heim, þar sem matur er notaður sem tæki í baráttu gegn neysluhyggju. Þessi ljóðræna kvikmynd eftir Marie Royer og Ziniu Scorier ber vitni um fortíð sem er þegar horfin — með nærgættinni framsetningu en kröftugum boðskap.



HART Í BACH THE WILD- TEMPERED CLAVIER

Anna Samo
DE 2024
7 MIN

Í senn fjörug klippimynd við ódauðlegan undirleik Bachs og ástarbréf til kúnstarinnar að teikna beint á 35mm filmur. Anna Samo nálgast verkefnið af leikgleði og notar klósettappír líkt og filmu til að lýsa listamanni sem heldur áfram að leika á píanó – þrátt fyrir hamfarir heimsins allt í kring.



RISAFISKURINN

NUMBER
32. GIANT FISH

Si Seunghyun

KR 2024

10 MIN

Hinn tíu ára gamli Minsu vinnur risastóra sælgætisöskju, sem er í laginu eins og fiskur, í happdrætti. Þótt vini hans langi í bita, ákveður hann að borða allt sælgætið sjálfur. Við tekur eftirminnilegt ferðalag til sjálfsþekkingar, knúð ofvirkni, ofskynjunum og sprenghlægilegum uppákomum, þar sem Si Seunghyun segir okkur dæmisögu um gjafmildi og óeigingirmi á skapandi hátt.




LJÓSASKIPTI THE BLUE HOUR

Liss-Anett
Steinskog

NO 2024

10 MIN

Þegar Nina hittir Julian er ástandið ekki gæfulegt – hann er bæði fullur og á vengangi. En augnablikið vindur upp á sig og hver veit hversu mikið gagn svolítil umhyggja getur gert.



FRJÁLS AÐFERÐ Í C FREERIDE IN C

Edmunds
JansonsSK


LV 2024

10 MIN

Hvítri kyrrð fjallanna er raskað af litríku skíðafólki sem rennir sér niður brekkurnar. Þessi stuttmynd er óhlutbundin upplifun fyrir augu og eyru sem endurspeglar brothætta gleði lífsins.

14+

5.10. 15.00 + Q&A 81 MÍN NORRÆNA HÚSIÐ


BRÁÐNUN
 SIKOQQIN-
 NGISAANNAS-
 SOOQ

 Adam Sébire
 GL, NO 2025
 15 MÍN

Inúítasamfélag er á vonarvöl vegna loftslagsbreytinga og lífshættir íbúanna á hverfanda hveli. Ungu fólkið rígheldur í hefðirnar meðan ísinn bráðnar undan fótum þeirra.

HVARFIÐ
 OOTID

 Eglè Razumaité
 LT, FR 2024
 10 MÍN

Þegar ein af stelpunum þarf að fara fyrr heim úr sumarþúðunum fara alls konar sögusagnir af stað. Sannleikurinn blasir ekki við og stelpurnar reyna að komast að því hvað gerðist í raun og veru.



UNGRIF

HUNDAPJÓ- FURINN

THE THIEF

Christoffer
Rizvanovic
Stenbakken
GL, DK 2025
20 MIN

Hundurinn hans Kaali er týndur og hann leitar um allan bæ heima á Grænlandi. En bæjarbúar skilja hann ekki allir og umhverfið einkennist af einangrun og grunsemðum.




MEÐ HJARTAÐ Í BUXUNUM

COTTAGE CHEESE

Liina Luomajoki
Lena Metzger
Janina Müller
Alice Kunz
CH 2024
5 MIN

Mika uppgötvar svolítið óvenjulegt í nærbuxunum sínum og leggur upp í svaðilför um eigin líkama til að komast að hinu sanna um sjálfa sig.



12 STIG

12 POINTS

Isabella Rodriguez
SE, PL 2025
13 MIN

Adam og Viktor eru helteknir af Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, einkum sænsku söngkonunni Loreen. En andrúmsloftið í heimabæ þeirra ógnar bæði vonum þeirra og vináttu.



ÖRLAGASTEIN- NINN

STONE OF DESTINY

Julie Černá
CZ 2025
10 MIN

Þessi teiknaði söngleikur rekur sögu Örlagasteinsins, sem er næsta mennskur, og magnað ferðalag hans. Steinninn syngjandi er ekki einasta knúinn ákafri frelsisbrá heldur líka óttanum við að mistakast.

VERÐUM Í SAMBANDI

GRANDPA HAS A BROKEN EYE AND MOM IS AN ADVENTURE

Marita Mayer
NO 2025
8 MIN

Fjórir krakkar sýna að það er alltaf hægt að ná sambandi. Notaleg mynd um samskipti án orða.



UNGMENNARÁÐIÐ



Fulltrúar ungmennaráðs UngRÍFF eru *Sigrún Soffía Daðadóttir* og *Karólína Erlendsdóttir*.

UNGMENNARÁÐ UNGRÍFF SAMANSTENDUR
AF UNGLINGUM MEÐ BRENNANDI ÁHUGA Á ÖLLU
ÞVÍ SEM VIÐKEMUR KVIKMYNDUM. RÁÐIÐ KEMUR
AÐ SKIPULAGNINGU HÁTÍÐARINNAR OG VELJA
HEIÐURSVERÐLAUNAHAFAFANN.